



AÐALSKIPULAG SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2008-2020

Breyting á aðalskipulagi, Efnisvinnslusvæði í landi Sigluvíkur



Staðfest aðalskipulag 5.9.2008



Breytt aðalskipulag

--- Mörk breytinga

Mkv.: 1:20.000

Greinargerð

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps leggur til að gerð verði breyting á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 á þann veg að gert verði ráð fyrir efnistökusvæði í landi Sigluvíkur.

Breytingin nær til um 1.9 ha klapparholts skammt norðan við bæinn Sigluvík og ofan Hringvegur.

Engar efnisnámur eru í sveitarfélaginu og unna klöpp þarf að flytja sífellt lengri veg til Akureyrarsvæðisins. Náman er aðgengileg um eldri Hringveg og krefst ekki sérstakrar vegalagningar. Í lok vinnslu hverfur holtið og eftir landmótun og sáningu verður það aftur að landbúnaðarsvæði eins og í núverandi aðalskipulagi.

Fyrirhugað er að vinna um 100.000 m³ af grjóti úr námunni í tveimur áföngum.

Fyrri áfanginn er um 60.000 m³ og afmarkast af svæði við eldri Hringveg eins og sýnt er á skýringarmynd 0916-0201. Þessi áfangi er að miklu leyti í vari við seinni áfanga, þ.e. náman verður lítið sýnileg frá Hringvegi fyrir en í lok seinni áfanga, sem afmarkast af eldri Hringvegi og þeim núverandi. Haft verður samráð við Vegagerðina um vinnuáæfðir þar sem náman er nálægt Hringvegi. Vegagerðinni er akkur af að losna við klöppina í þessum áfanga vegna snjóóðfnunar sunnan holtsins og til

SKÝRINGAR

■ Mörk skipulagsvæðis

LANDNOTKUN

■ Þéttbýll, þéttbýllismörk

L1 Landbúnaðarsvæði L1

L2 Landbúnaðarsvæði L2

L3/4 Landbúnaðarsvæði L3/4

lb Íbúðarsvæði

F Frlstundabyggð

V Verslunar- og þjónustusvæði

S Svæði fyrir þjónustustofnanir

A Athafnasvæði

L lónaðarsvæði

H Hafnasvæði

O Opln svæði til sérstakra nota

Ó Öbyggð svæði

E Efnistökusvæði

B Blönduð landnotkun

Sj Sjóvarnargarður

M Mörking landnotkunarreita

T TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

H Hverfisverndarsvæði

V Vatnsvendarsvæði

B Brunnsvæði

G Grannsvæði

F Fjarsvæði

R Fornminjar

L Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum

SAMGÖNGUKERFI

Stofnbraut

Stofnbraut, jarðgöng

Tengibraut

Safngata, landsvegur

Aðalgöngu- og hjólastígur

Meglin útvistarstígur

Relóleið

STOFNLAGNIR VEITUKERFA

Rafvelta, loftlína

Rafvelta, jarðstrengur

Hiltavelta

Vatnavelta

Ljósleiðari

Frávelta, útrás

lagfæringar öryggissvæða til hliðar við veg. Hluti námunnar er innan veghelgunarsvæðis.

Skipulagstillagan felur í sér framkvæmd, sem er tilkynningarskyld skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, og fellur því undir ákvæði laga um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006.

Uppfylla þarf starfsleyfisskilyrði fyrir stórar námur og fylgja leiðbeiningum: Námur - efnistaka og frágangur frá 2002.

Breyting á greinargerð:

Gildandi skipulag, kafli 4.13 Efnistökusvæði, 2 mgr.:

Engin efnistökusvæði eru innan sveitarfélagsmarka og þurfa huganleg ný efnistökusvæði að vera í samræmi við aðalskipulag.

Breytt skipulag, kafli 4.13 Efnistökusvæði, 2. mgr.:

Eitt efnistökusvæði, N1, er í sveitarfélaginu. Ný efnistökusvæði þurfa að vera í samræmi við aðalskipulag.

Breyting á skipulagsupprætti:

Efnistökusvæði N1 er sýnt í landi Sigluvíkur. Táknir fyrir efnistökusvæði er bætt í skýringar.

Umhverfisskýrsla, áhrifamat

Ekki er gert ráð fyrir efnistökusvæðum í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps. Ný efnistökusvæði krefjast breytingar á aðalskipulagi. Breytingin hefur ekki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir.

Staðarval ræðst af góðu aðgengi, nálægð við markaðssvæði og því að klöppin er talin góð í burðarlagslegri.

Engir aðgengilegir malartökustaðir eru í sveitarfélaginu og ekki um annað að ræða en klapparnámur. Núllkostur er að opna aðra námu eða stækka eldri í öðru sveitarfélagi. Krossanesnáma á Akureyri fer að verða fullnýtt, þ.a. vöntun verður á klapparnámum á svæðinu, en almennt er unnið efni úr klapparnámum betra en úr mól.

Svæðið hefur ekki sérstakt náttúruverndargildi.

Umhverfisáhrif verða breyting á landslagi og að framkvæmdin verður sýnileg á vinnslutíma. Til lengri tíma verður minni snjóóðfnun á Hringvegi sunnan núverandi klapparholts og hætta á slysum vegna útafaksturs minnkar. Nýta má námuna sem losunarsvæði fyrir jarðveg sem jafnað verður út við lokafrágang.

Með því að skipta námunni í tvo áfanga og byrja fjær Hringvegi, er dregið úr sjónrænum áhrifum á vinnslutíma og hjóðvist við íbúðarhús í Sigluvík sem er í um 360 m fjarlægð.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. var samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 11.3.2009.



Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann 24. mars 2009.

Gudrun Halla Gunnarsdóttir (Signature) *Skýringarmynd* (Signature)

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra skv. 19. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73./1997 þann 24. mars 2009.

Magnús Jónsson (Signature) *Lagi Hjartarson* (Signature)

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI EFNISVINNSLUSVÆÐI Í LANDI SIGLUVÍKUR

Mællikvarði 1:20.000 (A3)
Dagsetning: 23. janúar 2009, 11. mars 2009

SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

Verkfræðistofa
Norðurlands ehf

TEIKNISTOFA
ARKITEKTA
GYLFI GUDJÓNSSON
OG FELAGAR ehf.
arkitektar fal
KAPPALEIÐ VINDVEG
SÍM 461 5500
NET 461 5500
VÉP 461 5500
www.teknistofa.is